

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. febrúar 2024 í máli nr. 59/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 29. júní 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X, („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y og Z („varnaraðilar“).

Sóknaraðili krefst riftunar á kaupum á bifreiðinni [...] vegna verulegra galla hennar. Varnaraðili Y krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Andsvör bárust ekki frá varnaraðila Z.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 13. júlí 2023, var varnaraðilum gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Var boð um aðild ítrekuð með ábyrgðarbréfi, dags. 21. ágúst 2023 sem afhent var 27. september 2023. Ábyrgðarbréf vegna málsins var sent á ný þann 14. desember 2023 og var það afhent eiganda Z 27. sama mánaðar. Andsvör varnaraðila Z hafa ekki borist ekki nefndinni. Andsvör varnaraðila Y bárust til nefndarinnar 4. september 2023. Athugasemdir bárust í kjölfarið frá sóknaraðila 14. september 2023 og athugasemdir varnaraðila Y þann sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara Y og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila Y, afrit af söluskrá bifreiðarinnar, kaupsamningur og afsal vegna bifreiðarinnar, útprentun úr ökutækjaskrá, tölvupóstsamskipti milli málsaðila, riftunaryfirlýsing, dags. 22. febrúar 2023, kvittun fyrir afhendingu, dags. 1. mars 2023, tölvupóstur sóknaraðila til FÍB, dags. 27. febrúar 2023, niðurstöður rannsóknar [...] á sóknaraðila, dags. 29. mars 2022

Með bréfi, dags. 2. febrúar 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls festi sóknaraðili kaup á nýrri bifreið af [...] þann 2. febrúar 2023 af varnaraðila Z fyrir milligöngu varnaraðila Y. Greiddi sóknaraðili varnaraðila Z alls 3.647.000 krónur fyrir bifreiðina.

Að sögn sóknaraðila hafði hún í aðdraganda samningsgerðar upplýst starfsmann varnaraðila Y um þá eiginleika sem hún óskaði eftir að bifreiðin hefði, þ.e. hæðarstillanlegt öikumannssæti, bakkmyndvél, hraðastilli og hita í sætum. Eftir afhendingu bifreiðarinnar hafi komið í ljós að bifreiðin hafði ekki þessa kosti. Með bréfi til varnaraðilans Z 22. febrúar 2023 krafðist sóknaraðili riftunar á kaupunum. Var bréfið sent í ábyrgðarpósti og kvittaði varnaraðili Z fyrir móttöku þess 1. mars 2023. Að sögn sóknaraðila brást varnaraðili ekki við kröfu hennar.

Sóknaraðili heldur því fram að bifreiðin hafi verið gölluð þar sem hún hafi ekki haft þá eiginleika sem upplýst var um í aðdraganda sölunnar. Leggur hún í því

sambandi sérstaka áherslu á hæðarstillanleika öikumannssætisins. Um hafi verið að ræða forsendu fyrir kaupunum sem hún hafi upplýst um í aðdraganda þeirra. Sóknaraðili telur gallana nægjanlega til þess að réttlæta riftun samningsins.

Helstu röksemdir varnaraðilans Y eru að hann hafi eingöngu verið milligönguaðili um bifreiðaviðskipti milli sóknaraðila og seljanda bifreiðarinnar (varnaraðilans Z) og kröfunum sé því ekki réttilega beint að honum. Ekki hafa borist athugasemdir frá varnaraðilanum Z, líkt og áður greinir.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. telst söluhlutur haldinn galla ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin. Þá telst söluhlutur einnig haldinn galla ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin, sbr. c. liður 1. mgr. 16. gr. nkpl. Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu.

Sóknaraðili hefur krafist þess að kaupunum verði rift. Samkvæmt 32. gr. nkpl. getur neytandi rift kaupum, í stað þess að krefjast afsláttar samkvæmt 31. gr. laganna. Riftun er afdrifaríkt úrræði sem verður aðeins beitt þegar skilyrði hennar eru uppfyllt. Skilyrði þess að fallist verði á riftun vegna galla eru að galli sé ekki óverulegur. Mat á því hvort galli sé ekki óverulegur byggir á ákveðnu heildarmati þar sem líta þarf m.a. til samnings aðila, atvika við kaupin og áhrifa gallans á hagsmuni neytanda, en gallinn þarf að hafa haft raunveruleg áhrif á hagsmuni neytanda. Getur haft áhrif á matið hvort seljandanum mátti vera það ljóst.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni [...] þann 2. febrúar 2023 af varnaraðila Z fyrir milligöngu varnaraðila Y. Varnaraðilar eru fyrirtæki í atvinnurekstri og gilda því um viðskipti aðila lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.).

Sóknaraðili hefur beint kröfu sinni um riftun kaupanna bæði að varnaraðilanum Z, sem er seljandi bifreiðarinnar, og Y, sem var milligönguaðili í bifreiðaviðskiptunum. Kröfu um riftun bifreiðakaupanna verður eingöngu beint að

fyrrum eiganda og seljanda bifreiðarinnar en ekki bílasöllumni sem milligönguaðila. Þetta leiðir til þess að óhjákvæmlegt er að vísa kvörtun sóknaraðila á hendur varnaraðila Y frá kæruneftndinni.

Seljandi bifreiðarinnar, varnaraðilinn Z, hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili byggir á því að hafa upplýst um þá eiginleika sem hún óskaði eftir að bifreiðin hefði og væru forsenda hennar fyrir kaupunum, þ.e. hæðarstillanlegt ökumannssæti, hiti í sætum, bakkmyndavél og hraðastillir (e. cruise control). Að sögn sóknaraðila kom í ljós eftir afhendingu bifreiðarinnar að þessir eiginleikar voru ekki fyrir hendi. Lagði sóknaraðili fram máli sínu til stuðnings söluskrá bifreiðarinnar eins og hún birtist á vefsíðu varnaraðilans Y 3. febrúar 2023 eða degi eftir að kaupin voru gerð en bendir þó á að söluskránni hefði bersýnilega verið breytt frá því sóknaraðili las hana yfir í aðdraganda kaupanna. Í framlagðri söluskrá er tiltekið að meðal aukabúnaðar í bifreiðinni sé bakkmyndavél og hæðarstillanlegt ökumannssæti. Hvorki er þar minnst á hraðastilli né hita í sætum.

Undir rekstri málsins kannaði kæruneftndin á vefsíðunni [...] hvernig vefsíða milligönguaðila leit út fyrir kaup sóknaraðila á bifreiðinni, en á umræddri vefsíðu má skoða hvernig vefsíður líta út og hafa breyst í gegnum tíðina. Skoðun nefndarinnar leiddi í ljós að þann 28. janúar 2023 eða fjórum dögum fyrir kaupin var tiltekið í söluskrá hinnar umþrættu bifreiðar að hún hefði bakkmyndavél, hæðarstillanlegt sæti ökumanns sem og hita í sætum en síðastnefnda eiginleikann var ekki að finna í söluskránni 3. febrúar 2023. Í hvorugu eintaki söluskrárinnar er hins vegar minnst á að bifreiðin hefði hraðastilli.

Með vísan til framangreinds er fallist á það með sóknaraðila að bifreiðin svari ekki að fullu til þeirra upplýsinga sem varnaraðilar gáfu um hana fyrir kaupin. Var bifreiðin því haldin galla við kaupin í skilningi c. liðar 1. mgr. 16. gr. nkpl.

Sóknaraðili hefur fullyrt í kvörtun að umrædd hæðarstilling hafi verið „algert skilyrði fyrir kaupunum“ vegna líkamlegs ástands hennar og að hún hafi upplýst um það fyrir kaupin. Þar sem varnaraðilinn Z hefur ekki tekið til varna verður að leggja fyrrgreindar fullyrðingar sóknaraðila til grundvallar. Þar sem umræddur eiginleiki, sem var forsenda sóknaraðila fyrir kaupunum, er ekki til staðar, auk þess sem bifreiðina skortir aðra eiginleika sem upplýst var um í aðdraganda kaupanna verður litið svo á að bifreiðin sé ekki haldin óverulegum galla í skilningi 32. gr. nkpl. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna en í því felst endurgreiðsla kaupverðs að fjárhæð 3.647.000 krónur gegn skilum á bifreiðinni. Ekki eru hafðar uppi kröfur í málinu um þau atriði sem X. og XI. kaflar nkpl. taka til.

VI

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila Y er vísað frá kæruneftndinni.

Viðurkenndur er réttur sóknaraðila, X, til að rifta kaupum á bifreiðinni [...], við varnaraðila Z. Varnaraðila, Z, ber að endurgreiða sóknaraðila kaupverð bifreiðarinnar, 3.647.000 krónur, gegn afhendingu bifreiðarinnar.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila Z ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson